

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Atlantsólía Hafnarfirði



Dags eftirlits	30.3.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Atlantsólía	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Lónsbraut 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590602-3610	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Albert Valur Albertsson	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarki Kristjánsson	Staðsetning	354728,781 399121,086

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu er varðar að skráningum í rekstrarhandbók og á mánaðablöð er ábótavant. Þrjár ábendingar eru gerðar er varða prófanir á aðvörunarbúnaði í olíuskilju, slit á malbiki í lekaþró og að uppfæra þurfi öryggisblöð í stöðvarhúsi. Unnið er skv. úrbótaáætlun varðandi eldra frávik og er sú vinna komin vel á veg.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57.gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti.

Um er að ræða olíubirgðastöð rekstraraðila við Óseyrarbraut 23 í Hafnarfirði. Starfsleyfið tekur til geymslu á allt að 3.400 m<sup>3</sup> af bensíni í einum geymi og allt að 3.800 m<sup>3</sup> af díselolíu, lífdíselolíu og gasolíu í tveimur geymum. Að auki gerir starfsleyfið ráð fyrir rekstri löndunarþúnaðar við löndunarbryggju og öðrum þúnaði í samræmi við lög og reglugerðir. Ótakmarkað gegnumstreymi bensíns er heimilt í stöðinni.

### Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Eitt frávik kom fram í síðasta eftirliti, árið 2022, varðandi frágang á geymslusvæði utan lekaþróar. Fram kom að bæta þurfi úr frágangi á geymslusvæðinu. Koma þurfi biluðum og ónýtum plastgámum og tómum olíutunnum til endurnýtingar eða viðurkenndrar förgunar. Rekstraraðili brást fljótt við og sendi inn úrbótaáætlun. Unnið hefur verið eftir henni og svæðið orðið mun betra en áður þó verki sé ekki lokið en skv. úrbótaáætluninni verður yfirferð lokið fyrir 1. maí 2023.

Áhættumat 2022 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirliti, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti.

Þrjár lóðréttir stálgeymar eru í stöðinni og einn lítill láréttur skolgeymir sem notaður er til tæmingjar á lögnum flutningsbíla á milli áfyllinga. Standa geymarnir allir í malbikaðri þró. Tveir lóðréttu geymanna eru í notkun, annars vegar fyrir bensín og hins vegar fyrir díselolíu. Sprungur hafa myndast í malbikið í þrónni og gerðar eru athugasemdir þar um. Fara þarf í lagfæringar þar sem malbikið er slitið frá. Undantöppun geyma er sett beint í olíuskilju en til stendur að breyta því verklagi þannig að hún verði sett í lítinn geymi, olían skilin frá og síðan dælt aftur inn á geymana, eins og er gert í flestum olíubirgðastöðvum í dag.

Áfyllingaplanið er olíuhelt og tengt olíuskilju. Olíugeymarnir voru botnþykktarmældir árið 2020 og 2021 og hefur áframhaldandi notkun þeirra verið heimiluð. Skolgeymirinn var síðast þykktarmældur árið 2014 og er því næsta mæling á honum árið 2024. Geymana skal þykktarmæla að lágmarki á 10 ára fresti skv. gr.

4.2 í starfsleyfi. Allar lagnir voru þrýstiprófaðar árið 2020 og er næsta prófun því árið 2025, eða á 5 ára fresti.

Skráningar vantaði um þjónustu olíuskilju og hvenær hún var síðast hreinsuð. Sjálfvirkt viðvörðunarkerfi er í olíuskilju en aðvörðun er ekki send í síma til stöðvarstjóra, fari gildi olíu yfir viðmiðunarmörk skiljunnar og þyrfti að koma því við. Gera þarf prófun á aðvörðunarbúnaði svo öruggt sé að hann virki sem skildi. Minnt er á að virkni olíuskilja skal yfirfarin á a.m.k. 6 mánaða fresti og þær tæmdar eftir þörfum en auk þess þarf að gera mælingu á olíu í fráveituvatni á að lágmarki þriggja ára fresti skv. gr. 4.2 í starfsleyfi. Mæling var síðast gerð í frárennsli árið 2020 og skal því mæling gerð nú í ár og niðurstöður hennar sendar eftirlitsaðila.

Rekstrarhandbók var yfirfarin í eftirliti. Skráningum á viðhaldi, eftirliti og bilunum í mengunarvarnarbúnaði er ábótavant. Skráningar á mánaðarblöð vantaði inn á milli og þarfnast þær úrbóta. Starfsleyfi og þær áætlanir sem eiga að vera til staðar skv. starfsleyfi voru til staðar í rekstrarhandbók. Öryggisblöð voru til staðar í stöðvarhúsi en þarfnast uppfærslu.

Ekki er tekið á móti neinni úrgangsolíu í stöðinni. Bílstjórar Olíudreifingar sem annast olíuflutninga frá stöðinni, taka með sér olíublautan úrgang og önnur spilliefni ef við á. Annar úrgangur frá kaffiaðstöðu og salernum fer til skrifstofu í sameiginlegan úrgang og er flokkaður eftir því sem við á.

Mælingar á virkni gufuendurnýtingarbúnaðar fór fram dagana 8. og 9. júní 2022 og voru mælingar innan marka starfsleyfisins eða  $<1 \text{ gr/Nm}^3/\text{klst}$  og var gufuendurnýtingarbúnaðurinn þjónustaður og yfirfarinn um leið. Ekki er komin tímasetning á mælingar þessa árs en minnt var á að senda skal niðurstöður mælinganna til eftirlitsaðila þegar þær berast rekstraraðila.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir en rekstraraðili sendir uppfært tryggingarskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, til eftirlitsaðila þegar það berst rekstraraðila.

Gengið var um stöðina og þró utan um geyma skoðuð. Ábendingar eru settar fram um slit á malbiki á hliðum og botni þróarinnar. Stöðin er annars snyrtileg á að líta, girðingar eru í lagi og vel við haldið. Hlið var læst þegar að var komið. Ekki var farið að löndunarlögnum á bryggju í þessu eftirliti.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

Gr. 4.1 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal skrá upplýsingar skv. þeim lista er fram kemur í gr 4.1 í starfsleyfi. Skráningum er ábótavant. Upplýsingar vantar á mánaðablöð, sem og í rekstrarhandbók og skráningar um viðhald og mælingar eru ekki reglulegar.



## ÁBENDINGAR

Ábending er gerð um prófanir á aðvörunarbúnaði í olíuskilju en mikilvægt er að sjálfvirkur viðvörunarbúnaður sé virkur og prófaður reglulega skv. fyrir fram skráðu verklagi. Vísað er í gr. 3.9 í starfsleyfi.

Ábending er einnig gerð um að laga þurfi slit í malbiki lekaþróar umhverfis geymana. Skv. gr. 3.6 í starfsleyfi skulu olíugeymar vera í olíuheldri lekavörn. Malbikið í þrónni er slitið á veggjum og botni þróarinnar og hefur látið á sjá frá síðasta eftirliti. Lagfæringar skulu gerðar við fyrsta tækifæri.

Ábending er einnig gerð um að uppfæra þurfi öryggisblöð sem staðsett eru í stöðvarhúsi skv. gr. 3.13 í starfsleyfi.

## ANNAÐ

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Reykjavík, 03.05.2023

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Guðbjörg Stella Árnadóttir

